



Ágætu kúabændur

Föstudaginn 31. október kl 13:00 verður haldin fundur að Ýdölum. Guðmundur Steindórsson ráðunautur fer yfir ræktunarstarfið og veitir verðlaun fyrir hátt dæmdar kýr. Einnig verða veitt hvatningarverðlaun til þess bónda sem mest hefur aukið framleiðslu sína á síðastliðnu ári. Jarle Reiersen, dýralæknir og verkefnastjóri hjá MS fjallar um júgurbólgu, aðbúnað og fleira. Sæþór Gunnsteinsson ræðir aðstöðu til sæðinga í lausagöngufjósum í héraðinu.

Sjáumst
Stjórn BSSÞ

Bændagledin

verður haldin 29. nóvember í Skjólbrekku, húsið opnar klukkan 20:00. Eru ekki allir búnir að taka daginn frá

Tilboð á gistingu í Selhótel
12.900,- tveggja manna herbergi með morgunmat
10.900,- eins manns herbergi með morgunmat



Nú fer að stytast í jólahlaðborðin í Selinu. Nú þegar eru nokkur hlaðborð uppseld þannig að ef þið ætlið ekki að missa af gleðinni mælum við með því að panta sem fyrst!

- 15. Nóvember nokkur sæti laus
- 22. Nóvember uppselt!
- 29. Nóvember laust
- 5. Desember laust
- 6. Desember nokkur sæti laus

Verð í hefðbundin jólahlaðborð er 8.500,- fyrir manninn en 7.900,- fyrir 10 manns eða fleiri.

Tilboð í gistingu.

Einnig minnum við á vinsælu Fjölskyldujólahlaðborðin sem að eru ómissandi. Jólasveinarnir í Dimmuborgum koma í heimsókn og dansa í kringum jólatréið með börnunum og koma með glaðning. Einnig er möndugjöf! Hægt verður að heimsækja jólasveinana í Dimmuborgum daglega frá 15. Nóvember 13:00-15:00.

- 7. Desember Fjölskyldujólahlaðborð kl. 17:00
- 13. Desember Fjölskyldujólahlaðborð kl. 19:00 Jólasveinarnir skella sér í hið árlega Jólabað í Jarðböðunum kl. 17:00! Fjölskyldutilboð í gistingu.
- 14. Desember Fjölskyldujólahlaðborð kl. 17:00
- 20. Desember Fjölskyldujólahlaðborð kl. 17:00
- 21. Desember Fjölskyldujólahlaðborð kl. 17:00

Verð fyrir fjölskyldujólahlaðborðin er

- 3-6 ára 900,-
- 7-12 ára 2.500,-
- 13-16 ára 3.900,-
- Fullorðnir 5.500,-

Athugið Kaffi Sel er opið 09:00-18:00 Leikhorn fyrir börnin, kökur, vöflur, hamborgarar, pylsur og aðrar léttar veitingar. Hlökkum til að taka á móti ykkur! Nánari upplýsingar í síma 464 4164 eða á www.myvatn.is

Fylgist líka með facebookinni okkar Sel-Hótel Mývatn munum setja inn tilkynningar þar. Opið allt árið nema lokum 20.-27. Desember en athugið snyrtingarnar verða opnar úti við Kaffi Sel.

Sel-Hótel Mývatn, Skútustöðum, 660 Mývatn s. 464 4164



Sprengisandslína , 220 kV Háspennulína á milli Suður- og Norðurlands

Mat á umhverfisáhrifum - kynning á drögum að matsáætlun og athugasemdarfrestur

Landsnet vinnur að undirbúningi mats á umhverfisáhrifum Sprengisandslínu, 220 kV línu frá tengivirki við Langöldu á Landmannaafretti að fyrirhuguðu tengivirki við Eyjardalsá vestan Bárðardals. Heildarlengd línunnar er um 195 km. Tilgangur framkvæmdarinnar er að bæta raforkukerfi landsins, auka flutningsgetu þess, öryggi raforkuafhendingar og gæði raforku. Samhliða vinnur Vegagerðin að undirbúningi mats nýrrar Sprengisandsleiðar.

Framkvæmdin er matsskyld samkvæmt 22. tl. í 1. viðauka laga nr. 106/2000 m.s.br. um mat á umhverfisáhrifum. Vinna við matið er hafin. Drög að tillögu að matsáætlun eru nú birt til kynningar á heimasíðu Landsnets, www.landsnet.is.

Allir geta gert athugasemdir við drög að matsáætlun og er **athugasemdafrestur til 20. nóvember 2014**. Senda skal athugasemdir til Gísla Gíslasonar hjá Steinsholti sf., Suðurlandsvegi 1-3, 850 Hellu, eða á netfangið gisli@steinholtsf.is. Merkja skal athugasemdir: Sprengisandslína, mat á umhverfis-áhrifum.

Opið hús

Vegagerðin og Landsnet hafa haft samstarf um leiðarval vegna Sprengisandsleiðar og Sprengisands-línu en mat á umhverfisáhrifum fyrir Sprengisandsleið, vegur F26, er einnig að hefjast. Vegagerðin og Landsnet hafa ákveðið að standa sameiginlega að kynningarfundum um matsáætlanir þessara verkefna. Opið hús verður

- þriðjudaginn 4. nóvember í Ljósveitningabúð í Þingeyjarsveit

kl. 18:00-22:00

- miðvikudaginn 5. nóvember hjá Steinsholti sf., Suðurlandsvegi 1-3, Hellu kl. 16:00-20:00

Þar verða drög að tillögu að matsáætlun kynnt og fulltrúar frá Landsneti, Vegagerðinni og ráðgjöfum verða á staðnum til að svara fyrirspurnum og ræða við gesti.

Allir velkomnir!

Bjarmastuð



Í salnum á Illugastöðum
Föstudagskvöldið 7. nóvember kl. 22:00.

„Af hverju að vera alltaf í fýlu?“

Nánar auglýst í næstu Hlaupastelpu

Nefndin

Kæru lesendur og auglýsendur

Hlaupastelpan kemur út á fimmtudögum og auglýsingum þarf því að skila á þriðjudögum

fyrir **kl. 15:00.** 😊

ATH! Verð á auglýsingum

Verð hálf síðu er kr.2900.-m.vsk
Verð heilsíðu er kr.3990.- m.vsk



Umsóknarfrestur um styrki til lista- og menningarstarfs og íþróttá og æskulýðsstarfs hefur verið framlengdur til 12.nóvember 2014

Styrkir til lista- og menningarstarfs

Félags- og menningarmálanefnd Þingeyjarsveitar auglýsir eftir umsóknum um styrki vegna lista- og menningarstarfs á árinu 2014. Bæði einstaklingar og félagasamtök geta sótt um styrki og metur nefndin hvaða verkefni eru styrkhæf og hver ekki.

Félagasamtök þurfa að skila inn ársreikningi liðins árs með umsókn. Þá ber öllum að skila inn til nefndarinnar greinargerð um framgang verkefnis og ráðstöfun styrkfjár innan árs frá styrkveitingu.

Umsóknum skal skilað á sérstökum eyðublöðum sem nálgast má á heimasíðu og/eða á skrifstofu Þingeyjarsveitar. Umsóknir og fylgiskjöl skulu berast til skrifstofu sveitarfélagsins eða á netfangið heida@thingeyjarsveit.is í síðasta lagi **12. nóvember n.k.**

Styrkir til íþróttá og æskulýðsstarfs

Félags- og menningarmálanefnd Þingeyjarsveitar auglýsir eftir umsóknum um styrki vegna íþróttá og æskulýðsstarfs á árinu 2014. Bæði einstaklingar og félagasamtök geta sótt um styrki og metur nefndin hvaða verkefni eru styrkhæf og hver ekki.

Félagasamtök þurfa að skila inn ársreikningi liðins árs með umsókn. Þá ber öllum að skila inn til nefndarinnar greinargerð um framgang verkefnis og ráðstöfun styrkfjár innan árs frá styrkveitingu.

Umsóknum skal skilað á sérstökum eyðublöðum sem nálgast má á heimasíðu og/eða á skrifstofu Þingeyjarsveitar. Umsóknir og fylgiskjöl skulu berast til skrifstofu sveitarfélagsins eða á netfangið heida@thingeyjarsveit.is í síðasta lagi **12. nóvember n.k.**

Ath. minnum styrkþega 2013 á að skilað inn greinargerð um framgang verkefnis og ráðstöfun styrkfjár.

Félags- og menningarmálanefnd
Þingeyjarsveitar

Sunnudagaskóli Einarstöðum

Sunnudagaskóli verður á Einarstöðum næstkomandi sunnudag 2. nóvember, kl. 11:00.

Allir velkomnir.
Séra Þorgrímur.

Messa á Grenjaðarstað

Almenn guðsþjónusta verður á Grenjaðarstað næstkomandi sunnudag 2. nóvember, kl. 21:00. Minst verður látinna á liðnu ári og kirkjugestum boðið að taka með sér kerti til að tendra á leiði.

Allir velkomnir.
Séra Þorgrímur.



**VELKOMIN Á 100 ÁRA
AFMÆLISHÁTÍÐ
HÉRAÐSSAMBANDS
PINGEYINGA**



*Afmælishátíðin verður haldin í íþróttahúsinu á Laugum í Reykjadal,
sunnudaginn 2. nóvember kl. 14:00 og er öllum opin.*

*Á hátíðinni verður boðið upp á glæsilegt kaffihlaðborð Kvenfélags
Reykðæla og margt verður til skemmtunar, s.s. kórsöngur Sálubótar
og karlakórsins Hreims, sögusýning, þjóðdansa- og glímusýning.*

Afmælisnefnd HSB

Aðalfundur Skógræktarfélags Fnjóskdæla 2014

verður haldinn að Furuvöllum, Vöglum, Fnjóskadal,
miðvikudaginn 12. nóvember og hefst hann kl. 20,30

Dagskrá aðalfundar:

1. Skýrsla stjórnar
2. Lagðir fram skoðaðir reikningar félagsins
3. Lagabreytingar
4. Kosningar

Önnur mál

Í kaffihléi yfir gómsætum kökum verður myndasýning frá gróðursetningum
fyrri ára á Hálsmelum.

Þá mun Rúnar Ísleifsson skógarvörður, Vöglum, segja frá gróðursetningum á
Hálsmelum og starfsemi Skrógræktar ríkisins Vöglum í sumar.

Stjórn Skógræktarfélags Fnjóskdæla

43.tbl.
30. október
2014
21. árg.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is,s:4643366/gsm:8953386



Frjálsíþróttæfingar HSB í vetur

Á Laugum:

á mánudögum frá kl 18:00-19:00 (að hluta til úti) og
á miðvikudögum frá kl. 17:00-18:30.

Á Húsavík:

á þriðjudögum frá kl. 16:30-18:00 og á fimmtudögum
frá kl. 18:00-19:30

Þjálfari er Jón Friðrik Benónýsson. Æfingarnar eru
ætlaðar 10 ára og eldri.

Á Húsavík eru einnig æfingar fyrir 9 ára og yngri
(Jana og Hafdís Dröfn)

á þriðjudögum frá kl. 16:00-17:00 og á fimmtudögum
frá kl. 17:30-18:30

Nýir iðkendur velkomnir
Frjálsíþróttaráð HSB